

## Nefndasvið Alþingis

**Efni:** Umsögn KSÍ um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál

Knattspyrnusamband Íslands vill koma að eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarps til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru:


1. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti af vinnu af afmörkuðum vinnuliðum frá mars til loka árs er almennt jákvætt úrræði að mati KSÍ. Megináhersla knattspyrnuhreyfingarinnar er þó sú að innleidd verði varanleg úrræði um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til stuðnings almannaheillafélögum í samræmi við tillögur nefndar þar um.
2. Frestun á staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds er almennt jákvætt úrræði að mati KSÍ og kann það að nýtast íþróttafélögum að því gefnu að rekstrargrundvöllur íþróttahreyfingarinnar verði viðunandi þegar líður á árið.

Mestu máli skiptir að nýsamþykkt lög um atvinnuleysistryggingar og lög um ábyrgðasjóð launa (minnkað starfshlutfall) nýtist knattspyrnuhreyfingunni og íþróttahreyfingunni í heild.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar KSÍ,



Guðni Bergsson  
Formaður KSÍ



Klara Bjartmarz  
Framkvæmdastjóri KSÍ